

**Sb.**

## **23. Tillaga til þingsályktunar**

um þjóðaratkvæði um ríkisrekstur atvinnuvega og rikiseign jarða.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara á næsta vori almenna atkvæðagreiðslu alþingiskjösenda um eftirfarandi spurningar:

1. Viljið þér, að með nýrri löggjöf sé unnið að þeirri breytingu á þjóðskipulagi Íslendinga, að ríkisrekstur komi í stað einkaframtaks í atvinnumálum?
2. Viljið þér, að stefnt sé að því, að allar jarðeignir á landinu hverfi úr sjálfsábúð og verði rikiseign?

### **G r e i n a r g e r ð .**

Á síðasta þingi flutti ég þingsályktunartillögu samhljóða þessari. Fylgdi tillögunni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Á þessu þingi hefir stjórnin ýmist sjálf lagt fyrir eða látið stuðningsmenn sína bera fram mörg lagafrumvörp, er stefna að því mjög ákveðið, að opinber rekstur komi í stað einkaframtaks í verzlun, iðnaði, útgerð og landbúnaði. Einnig því, að horfið sé frá sjálfsábúð, en bújarðirnar gerðar að rikiseign. Blöð stjórnarinnar, bæði þau, er Alþýðuflokkurinn gefur út, og þau, er Framsóknarflokkurinn gefur út, hafa þrásinnis látið það í ljós, að stefna stjórnarinnar og þingflokka þeirra, er hana styðja, sé þjóðnýting atvinnuveganna með ríkisrekstri og rikiseign allra bújarða.

Þótt óvíst sé, hve mikið verður samþykkt á þessu þingi af þeim frumvörpum, sem stefna í þessa átt, þá er sýnilegur sá ásetningur ríkisstjórnarinnar að gera stefnu þessa að veruleika. Er því víst, að ef að þessu verður unnið með nýrri löggjöf á hverju þingi, þar til reglulegar alþingiskosningar fara fram, verður því verki langt komið að gera allan atvinnurekstur þjóðarinnar að ríkisrekstri og bújarðirnar að rikiseign, áður en kjósendur fá færi á að birta vilja sinn í þessu efni.

Það er vítað, að kjósendur voru ekki um það spurðir sérstaklega fyrir síðustu kosningar, hvort þeir aðhylltust ríkisrekstur á atvinnuvegum þjóðarinnar og rikiseign á bújörðum. Þeir hafa því ekki gefið þingmönnum neitt umboð til þess að breyta þjóðskipulaginu með lögum í þessa átt. Tel ég því óleyfilegt og óverjandi að gera þetta að þjóðinni forspurðri“.

Síðan tillaga þessi kom fram á þinginu 1934, hafa ástæður fyrir henni ekki breytt að öðru leyti en því, að ýms áform ríkisstjórnarinnar um ríkisrekstur og torveldingu sjálfsbjargar og einkaframtaks hafa orðið að lögum. Það, sem tillagan fer fram á, er því jafnréttmætt nú og þá, og enn meir aðkallandi.